

**51. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
28. nóvember 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Þórður Guðjónsson varamaður og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1609144 - Námsvist utan lögheimilssveitarfélags

Trúnaðarmál til kynningar

2. 1602089 - Námsvist utan lögheimilssveitarfélags

Trúnaðarmál til kynningar

3. 1611007 - Vallarsel - starfsdagar 2017

Leikskólinn Vallarsel óskar eftir að færa skipulagsdaga vegna náms- og kynnisferðar til Brighton dagana 19. - 23. apríl n.k.

Erindi samþykkt

4. 1611149 - ÍA - rekstur og samskipti, endurnýjaður samningur

Til umfjöllunar er samningur milli Akraneskaupstaðar og ÍA um rekstur og samskipti.

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Helga Sjöfn Jóhannesdóttir og Sigurður Páll Harðarson tóku sæti á fundinum kl. 17.

Lagt til við bæjarráð að samningur um rekstur og samskipti Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness verði framlengdur um hálf t. ár eða til 31. mars 2017.

Jafnframt er leigu- og rekstrarsamningur milli Akraneskaupstaðar og ÍA framlengdur um sama tíma.

Sviðsstjóra er falið að afla upplýsinga frá öðrum sveitarfélögum um fyrirkomulag rekstrar íþróttamannvirkja og samstarf sveitarfélags og íþróttafélaga.

Fulltrúar ÍA vekja athygli á því mikla vinnuframlagi starfsmanna íþróttahúss við Vesturgötu í tengslum við undirbúning 70 ára afmælis ÍA. Starfsmönnum er þakkað óeigingjarnt starf.

Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi 17:45.

Skóla- og frístundaráð þakkar forsvarsmönnum ÍA fyrir framlag sitt til afmælisársins.

5. 1606079 - Fjárhagsáætlun 2017 - 2020

81

Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar verður lögð fram til seinni umræðu í
bæjarstjórn 13. desember 2016.

Sviðsstjóri fer yfir fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eins og hún var lögð
fram í fyrri umræðu.

Ásthildur vikur af fundi kl. 18:30

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Sigríður Indriðadóttir
Sigrún Inga Guðnadóttir
Pjetur Guðjónsson
Kristín Hallur Sveinsson
Ásthildur Ósk Ragnarsd.